

Skýrsla formanns keppnisnefndar 2024-2025

Keppnisnefnd 2024-2026 skipa eftirfarandi fulltrúar

Hulda Gústafsdóttir, formaður
Sylvia Sigurbjörnsdóttir
Sigurbjörn Bárðarson
Svafar Magnússon
Unnur Sigurpálsdóttir
Haukur Bjarnason
Ólafur Þórisson
Hinrik Þór Sigurðsson, starfsmaður nefndarinnar

Hópurinn hefur mjög breiða þekkingu á keppnismálum og er öflugur og lausnamiðaður. Í honum eru 2 meðlimir í Sportnefnd FEIF, formaður FT, félagar í stjórnnum dómarafélagnna sem og fólk úr stjórn LH. Undirrituð hefur verið starfandi í keppnisnefnd síðan 2004 og í keppnisnefnd FEIF síðan 2014. Formaður þakkar samstarfið á árinu sem er að líða og hlakkar til næsta.

Verkefni nefndarinnar voru margvísleg á árinu. Nefnin nýtur þess að hafa starfsmann og sá hann og skrifstofa LH um að koma breytingum síðasta þings inn í reglupakkann. Það er mikil framför að sú vinna sé unnin á skrifstofunni, en áður hafði keppnisnefnd þetta verkefni með höndum.

Mótahald ársins var fjölbreytilegt og er það mikið gleðiefni hvað það er mikil gróska í mótahaldi yfirhöfuð, Reykjavíkurmót brýtur met á hverju ári í fjölda þátttakenda og önnur mót flest mjög vel sótt.

Glæsilegt Íslandsmót var haldið á Selfossi þar sem meðal margra afreka var sett nýtt heimsmet sem er að sjálfsögðu einnig Íslandsmet í 250m skeiði. Þar voru á ferð Konráð Valur Sveinsson og Kastor frá Syðra-Garðshorni. Metið var samþykkt af stjórn FEIF og er skráð á heimasíðu þess sem og á heimasíðu LH.

Á árinu var einnig haldið glæsilegt Heimsmeistaramót þar sem Íslendingar stóðu sig að vanda vel, unnu fjöldamarga titla auk verðlaunasæta í öllum greinum. Íslendingar unnu liðabikarinn núna, á ný. Það er að auki gaman að sjá hvernig breiddin eykst hjá flestum hinna þjóðanna, sem og að inn koma ný aðildarlönd sem hafa mikinn áhuga. Eins og til dæmis Ungverjaland en þar verður ársþing FEIF haldið í Budapest um mánaðarmótin janúar-febrúar.

Íslandsmót á Landsmótsárum heldur áfram að vera bitbein og hálfgerð vandræðabarn. Tillaga um að taka Íslandsmót inn á Landsmót var felld fyrir nokkrum árum með örfáum atkvæðum en án þess að fram kæmu tllögur að úrbótum. Á næsta ári hefur verið samþykkt að halda mótíð í júní, inn á milli Reykjavíkurmóts og Landsmóts, ofan í kynbótasýningar. Það er að mati formanns afleit tímasetning en mótshaldarar sóttu þetta nokkuð stíft svo nefndin setti sig ekki upp á móti því. Það verður forvitnilegt að sjá hvernig þetta kemur út. Þau rök að knapar hafi mikið að gera á Landsmótum og geti ekki

Þess vegna sinnt mögulegum Íslandsmótshluta inni á Landsmóti heldur engu vatni, þar er um örfáa knapa að ræða sem er ótækt að stjórni alveg þessari tímasetningu, ásýnd mótsins er í húfi. Umgjörðin á Landsmóti er ólíkt glæsilegri til að verða Íslandsmeistari og Íþróttahluti á Landsmóti undanfarin ár hefur verið vel sóttur af áhorfendum, þrátt fyrir að vera ekki á kjörtíma. Sé vilji til að ákveða til dæmis að hafa Íslandsmót eftir Landsmót þurfa að líða amk 2-3 vikur frá Landsmóti að Íslandsmóti. Þá er mótið komið mjög nærri Norðurlandamóti sem ekki hefur þótt ákjósanlegt heldur. Svo hér er í mörg horn að líta. En nauðsynlegt að finna þessu farsæla lausn.

Á vegum FEIF er í gangi umfangsmikil vinna við breytingar á spjaldanotkun. Grunnhugmyndin er að stórum hluta komin frá Íslandi, Sigurbirni Bárðarsyni, en varð í raun rót að algerri umbyltingu í reglum um spjaldanotkun og viðurlög og bönn á öllum sviðum. Þessi vinna hefur verið kynnt sportfulltrúm allra landa og er almenn ánægja með drögin. Enn er verið að fínþússa tillöguna, enda gífurlega umfangsmikið verkefni og mikil vinna sem felst í þessu. Planað er að þessar breytingar komi fyrir þing FEIF í lok janúar og hljóti þar vonandi brautargengi.

Keppnisnefnd er samkvæmt reglugerð ráðgefandi um framkvæmd reglna og erum við í miklu sambandi við bæði mótshaldara og keppendur yfir keppnistímabilið. Mikið af því er afgreitt símleiðis. Þar reyndi töluvert á, á árinu, sérstaklega varðandi úrtökur fyrir Fjórðungsmót. Þar kom upp sú staða að ekki var farið að ráðleggingum keppnisnefndar um túlkun reglna og er það miður og reyndar akveg ótækt. Það er mat keppnisnefndar að fjórðungsmótin ættu ekki að nota sömu reglur og notaðar eru við úrtökur Landsmóta, þær eru íþyngjandi fyrir félögin sem að fjórðungsmótum standa, enda mótin allt annars eðlis en Landsmót. Nauðsynlegt er að fara í endurskoðun á þessum reglum fyrir næsta Landsþing að ári.

Nefndin kom saman á nokkrum fundum, öllum rafrænum. Þar voru mál tekin fyrir og afgreidd og í framhaldinu fylgt eftir á viðeigandi hátt. Þar var fjallað um reglur samþykktar á LH þingi, sem fara eiga inn í reglupakka. Reglubreytingar á FEIF þingi og afgreiðslu þeirra, lágmörk á Íslandsmót. Auk þess voru afgreiddar fjölmargar fyrirspurnir vegna méla og keppnisreglna og túlkunar þeirra.

Keppnisnefnd hlakkar til næsta árs, glæsilegs Landsmóts og Íslandsmóta yngri flokka og eldri sem og Norðurlandamóts. Vetrarmótin hefja tímabilið í janúar svo það styttest í næsta tímabil.

Með keppniskveðju
Hulda Gústafsdóttir
Formaður Keppnisnefndar